

# Reglur og gjaldskrá fyrir geymslusvæði

## 1 gr. Almenn ákvæði

Gjaldskrá þessi og reglur eru fyrir geymslusvæði Þorlákshafnar við Norðurbakka 4. Leigutakar skulu eiga lögheimili í Ölfusi.

Sótt skal um leigupláss á þar til gerðum eyðublöðum. Fram komi nafn, heimilisfang og kennitala umsækjanda. Tilgreina skal áætlaðan leigutíma og tegund geymslumuna og skal umsóknarblað undirritað af umsækjanda. Þjónustumiðstöð afgreiðir umsóknir í þeirri röð sem þær berast. Við úthlutun geymslusvæðis skal leigutaki undirrita leigusamning. Leigutaka er óheimilt að endurleigja úthlutaðu plássi til annarra.

## 2 . gr. Gjaldskrá

Leiguverð (árgjald), á geymslusvæði Þorlákshafnar er eftirfarandi:

Gámar 20“ kr. 84.000 kr. – stærð lóðar er 15 m<sup>2</sup>.

Gámar 40“ kr. 168.000 kr. – stærð lóðar er 30 m<sup>2</sup>.

Smábátur/vagn fer eftir stærð – 7.000kr. á m<sup>2</sup>

Gjaldskrá fylgir byggingarvísitölu sem var 115,1 í júní 2023

## 3. gr. Skilmálar

Leigugjald er innheimt einu sinni á ári og er leigutímabilið frá 1. janúar til 31. desember eða við upphafa leigutíma til 31. desember. Verði áætlaður leigutími styttri en samningur hljóðar uppá skal endurgreiða leigutaka hlutfallslega m.t.t. eftirstöðva leigutíma, enda hafi leigutaki greitt leigugjaldið. Leigutaki fær ekki aðgang að svæðinu skuldi hann leigu.

Svæðið er ekki vaktað og eru hlutir á geymslusvæðinu við Norðurbakka alfarið á ábyrgð eigenda. Hafi hlutir ekki verið sóttir innan 30 daga eftir að umsömdum leigutíma lýkur eða greiðslufall orðið, áskilur leigusali sér allan rétt til að selja viðkomandi hluti fyrir áföllnum kostnaði. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 2 mánuðir m.v. 1. hvers mánaðar. Aðgangi að geymslusvæðinu er stýrt um hlið sem opið verður á opnunartíma móttöku-og flokkunarstöð. Ekki er aðgangur að vatni né rafmagni á geymslusvæðinu. Starfsmaður móttökusvæðis fer yfir svæðið daglega og fjarlægir og fargar lausamunum sem ekki eru í gámum.

## 4. gr. Heimild til geymslu

Eingöngu er leyfð geymsla á gámum, smábátum og vögnum sem tilheyra þeim. Hæð á gámi má ekki vera meiri en 2,4 m. Óheimilt er að geyma hluti ofan á gámum. Gámar skulu vera snyrtilegir og heilir. Hver gámur verður málaður í gráum lit, RAL7016 merktur með númeri sem úthlutað er af starfsmönnum Þjónustumiðstöðvar og er það innifalið í leiguverði. Hlutir sem geymdir eru á svæðinu mega ekki innihalda mengandi efni, eða efni sem hætta er á að berist um svæðið og umhverfi þess.

## 5. gr. Innheimta og greiðsla gjalda

Starfsfólk bæjarskrifstofu Ölfuss sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

## 6. gr. Gildistaka

Gjaldskrá þessi og reglur eru fyrir geymslusvæði Þorlákshafnar og taka gildi frá afgreiðsludegi bæjarstjórnar Ölfuss. Leigufjárhæð og reglur þessar geta breyst í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar.